

8. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins, Íslenska álfélagsins hf., Íslenska járnblendifélagsins hf. og til húshitunar.

9. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

10. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

11. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunar-gjaldsins.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla úr gildi 31. desember 1985.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

1. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. málsl. 2. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 31 250 kr. og 62 500 kr.
2. Í stað „20 000 kr.“ og „40 000 kr.“ í 2. málsl. 4. tl. B-liðs 1. mgr. komi: 25 000 kr. og 50 000 kr.
3. Í stað „140 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 180 kr.
4. Í stað „25 500 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 31 880 kr.
5. Í stað „15 600 kr.“ í 2. málsl. 4. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 19 500 kr.
6. Í stað „3 370 kr.“ í 2. málsl. 3. tl. D-liðs 1. mgr. komi: 4 210 kr.

7. Í stað „127 500 kr.“ og „255 000 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 159 380 kr. og 318 760 kr.
8. Í stað „500 kr.“ í 1. mgr. 2. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 630 kr.
9. Í stað „28 000 kr.“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: 35 000 kr.
10. Í stað „4 000 000 kr.“ og „8 000 000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. komi: 5 000 000 kr. og 10 000 000 kr.

2. gr.

Í stað „36 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 45 000 kr.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 200 000 kr., skal reikna 20%. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., lægri en 200 000 kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 200 000 kr. en þó ekki um hærri upphæð en 100 000 kr.
 2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 000 kr., skal reikna 31%.
 3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 400 000 kr., skal reikna 44%.
- Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 35 000 kr.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna:

1. Í stað „6 000 kr.“ og „9 000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 7 500 kr. og 11 250 kr.
2. Í stað „12 000 kr.“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: 15 000 kr.
3. Í stað „6 000 kr.“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: 7 500 kr.

6. gr.

Í stað „250 000 kr.“ og „500 000 kr.“ í 2. málsl. 78. gr. laganna komi: 312 500 kr. og 625 000 kr.

7. gr.

Í stað „780 000 kr.“ í 83. gr. laganna komi: 975 000 kr.

8. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skýlt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 9. tl. A-liðs, 2. og 4. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. og 3. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr., 78. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1986.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts 1985 vegna tekna ársins 1984 og eigna í lok þess árs.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 76 28. desember 1983, um breyting á lögum
nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.,
með áorðnum breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1984“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.